



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

ÚRSKURÐUR

17. apríl 2020

Mál nr. E-4147/2019
Stefnandi: Sigríður Ingvarsdóttir
(*Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður*)

Stefndi: Reykjavíkurborg
(*Sigríður Vilhjálmisdóttir lögmaður*)

Dómari: Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 17. apríl 2020 í máli nr E-4147/2019 Sigríður Ingvarsdóttir

(Daniel Isebarn Ágústsson lögmaður)

gegn Reykjavíkurborg

(Sigríður Vilhjálmsdóttir lögmaður)

I.

Mál þetta var þingfest 5. september 2019 og tekið til úrskurðar um að loknum munnlegum málflytningi 24. febrúar 2020 um frávísunarkröfu stefnda. Stefnandi í málinu, Sigríður Vilhjálmsdóttir, Miðhúsum 38 í Reykjavík gerir aðallega þá dómkröfu í málinu að ógilt verði ákvörðun stefnda um starfslok hennar sem kennara við Breiðholtsskóla. Til vara gerir stefnandi þá kröfu að stefnda verði gert að greiða henni 1.500.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 5. október 2019 og að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda gagnvart henni vegna tjóns sem leiðir af því að henni var gert að láta af störfum sem kennari við Breiðholtsskóla vorið 2019. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega að bæði aðal- og varakröfu stefnanda verði vísað frá en til vara sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá er í báðum tilvikum krafist málskostnaðar.

II.

Samkvæmt gögnum málsins átti skólastjóri Breiðholtsskóla samtalið við stefnanda 1. nóvember 2018, skömmu eftir sjötugsafmæli hennar um að stefnandi myndi láta af störfum eigi síðar en í lok skólársins 2018-2019. Með tölvubréfi til skólastjóra 28. apríl 2019 óskaði stefnandi eftir því við skólastjóra að hún fengi að halda áfram starfi eftir sjötugt. Skólastjóri Breiðholtsskóla svaraði erindi stefnanda með tölvubréfi 21. maí 2019. Vísaði skólastjóri í því tölvubréfi til gr. 14.9 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands vegna Félags grunnskólakennara. Í því ákvæði segir að starfsmaður láti af starfi þegar hann er fullra 70 ára að aldri, án þess að til sérstakrar uppsagnar komi, en að kennara sé heimilt að halda ráðningu út það skólaár þegar hann verður sjötugur. Í samræmi við ákvæði kjarasamningsins voru starfslok stefnanda miðuð við 31. júlí 2019.

Málatilbúnaður stefnanda í málinu byggist að meginstefnu á því að ákvörðunin um að segja henni upp störfum hafi ekki átt lagastoð og sé því ólögmat. Þá hafi engar málefnalegar ástæður verið fyrir uppsögn hennar. Vísar stefnandi enn fremur til ákvæða stjórnarskrár sem grundvallar fyrir kröfum sínum, þar á meðal jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, en einnig ákvæða 72. og 75. gr., sem og stjórnskipulegrar meðalhófsreglu.

Frávísunarkrafa stefnda í málinu byggist í fyrsta lagi á því að kröfur stefnanda eigi undir Félagsdóm. Bendir stefndi í því sambandi á ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 44. og 47. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, sem og 26. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur er Félagsdómi ætlað að dæma í málum sem rísa út af kærnum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða „gildi hans.“ Samsvarandi ákvæði er í 3. tölul. 26. gr. laga nr. 94/1986

Með framangreindum ákvæðum er lagt í vald Félagsdóms að leysa úr ágreiningi um skilning á vinnusamningi og gildi hans, en ákvæði laganna taka til þeirra samninga sem almennt kallast kjarasamningar. Félagsdómur fer með þetta vald sem sérdómstóll, sbr. 3. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla. Heyra í skjóli þess undir hann mál, sem ella yrðu rekin fyrir almennum dómstólum eftir þeirri meginreglu sem fram kemur í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Skýra verður ákvæði um valdsvið Félagsdóms að teknu tilliti til þessa, sbr. dóma Hæstaréttar frá 21. febrúar 2000 í máli nr. 48/2000 og 30. október 2002 í máli nr. 464/2002. Af því leiðir að ákvæði um valdsvið Félagsdóms verða almennt túlkuð þröngt, sbr. einnig dóm Hæstaréttar frá 5. nóvember 2002 í máli nr. 479/2002.

Eins og að framan er rakið lýtur aðalkrafa stefnanda í málinu að því að ákvörðun stefnda um starfslok hennar sem kennara í Breiðholtsskóla verði ógilt. Ágreiningslaust er að þegar stefnanda var sagt upp giltu um starfskjör, réttindi og skyldur hennar kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands, sbr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í grein 14.9 í þeim samningi er kveðið á um að starfsmaður láti af starfi þegar hann er fullra 70 ára að aldri án sérstakrar uppsagnar. Í málinu er enginn ágreiningur um hvaða kjarasamningsákvæði eigi að leggja til grundvallar í lögskiptum aðila.

Þrátt fyrir að kveðið sé á um það í ákvæði 44. gr. laga nr. 80/1938 sem og 3. tölul. 26. gr. laga nr. 94/1986 að Félagsdómur fjalli meðal annars um ágreining um skilning á kjarasamningi eða „gildi hans“ þá hefur um langt skeið verið gengið út frá því í dómaframkvæmd að valdsvið Félagsdóms að þessu leyti lúti að úrlausn þess hvort kjarasamningur eigi við um tiltekin atvik.

Hvorki verður ráðið af dómaframkvæmd né lögskýringargögnum að með framangreindum lagaákvæðum hafi verið ætlunin að fela Félagsdómi úrskurðarvald um það hvort tiltekin ákvæði kjarasamnings samræmist stjórnarskrá eins og málatilbúnaður stefnanda í þessu máli lýtur öðrum þræði að. Með vísan til þessa og þegar horft er til þess að ágreiningsefni málsins standa ekki aðeins um túlkun kjarasamningsins heldur einnig önnur atriði, sem hafa víðtækari skírskotun, svo sem túlkun ákvæða stjórnarskrár, sem almennum dómstólum ber að réttu að dæma um, verður ekki fallist á með stefnda að mál um kröfu stefnanda eigi undir Félagsdóm. Málinu verður þannig ekki vísað frá héraðsdómi af þeirri ástæðu.

Frávísunarkrafa stefnda byggist í öðru lagi á því að ógildingarkrafa stefnanda sé ódómtæk. Vísar stefndi þá til þess að markmiðið með kröfunni sé að stefnandi fái aftur sama starf en ekki sé á valdssviði dómstóla að ákveða hver kenni við skóla stefndu og því sé aðalkrafa stefnanda ekki dómtæk, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar. Ljóst sé að niðurstaðan um þann hluta sakarefnisins sem snýr að ógildingarkröfu stefndanda myndi ekki leiða til afgerandi niðurstöðu um réttindi stefnanda, enda muni markmið með málshöfðun hennar ekki náðst. Kröfugerð stefnanda feli því í sér beiðni um lögfræðilegt álit dómstóla og sé því í andstöðu við ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar skera dómendur úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda og eftir 1. mgr. 70. gr. hennar ber öllum réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir dómstólum. Þessi fyrirmæli hafa verið skýrð þannig að sérhver sem á lögvarinna hagsmuna að gæta geti almennt krafist þess fyrir dómi að ákvarðanir stjórnvalda verði ógiltar brjóti þær í bága við lög að formi til eða efni.

Þessi stjórnarskrárvarði réttur verður almennt ekki skertur eða takmarkaður með lögum. Hins vegar er það ekki á færi dómstóla að taka nýjar ákvarðanir um málefni sem stjórnvöldum eru falin með lögum í stað stjórnvaldsákvarðana sem ógiltar kunna að verða með dómi, svo sem ráðið verður af 2. gr. stjórnarskrárinnar, nema stjórnvöld hafi ekki neitt svigrúm til mats við skýringu á hlutaðeigandi lagaákvæði, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar frá 31. júlí 2017 í málum nr. 451/2017 og 452/2017, sem og þá dóma sem þar er vitnað til.

Þegar tekin er afstaða til þess hvort stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn um aðalkröfu sína í þessu máli verður að hafa í huga að ef fallist er á kröfu um ógildinguna ákvörðunar hefur það almennt í för með sér að réttaráhrif ákvörðunar falla brott án þess að nokkuð annað komi í staðinn. Slík ógilding getur þá falið í sér að réttarástandið verði hið sama og það var áður en sú ákvörðun var tekin sem krafa um ógildinguna beinist að, sjá hér til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 6. júní 2012 í máli nr. 327/2012. Í nýlegri dómaframkvæmd Hæstaréttar sér þess einungis einu sinni stað að krafa um ógildinguna ákvörðunar hafi verið tekin til efnislegrar úrlausnar án þess þó að í henni hafi falist krafa um að ákvörðunin skyldi ekki hafa nein réttaráhrif, sbr. dóm Hæstaréttar

frá 11. nóvember 1999 í máli nr. 132/1999, en í því sambandi vísaði dómurinn meðal annars til sérstakra sjónarmiða í tengslum við 20. gr. stjórnarskrárinnar

Af málatilbúnaði stefnanda í stefnu verður ekki ráðið með skýrum hætti hvert markmið þeirrar kröfugerðar er að krefjast ógildingar á ákvörðun stefnda um að hún skuli hætta störfum í samræmi við ákvæði kjarasamnings. Við flutning málsins skýrði stefnandi hins vegar kröfu sína á þann veg að Breiðholtsskóli vildi hafa hana áfram í vinnu og ef ákvörðun um starfslok hennar yrði ógilt væri ekkert því til fyrirstöðu að hún tæki aftur til starfa. Þá kvaðst stefnandi líta svo á að vinnusamband hennar við Breiðholtsskóla lægi fyrir en það þyrfti einungis að afnema ólögmeta hindrun á því.

Dómurinn getur ekki fallist á með stefnanda að vinnusamband hennar við Breiðholtsskóla sé enn til staðar, enda liggur fyrir að því vinnusambandi var slitið með þeirri ákvörðun sem krafist er ógildingar á við lok skólaársins 2018 til 2019. Í ljósi þessa verður að líta svo á að kröfugerð stefnanda beinist í reynd að því fyrra réttarástandi verði komið á gagnvart Reykjavíkurborg og að hún fái starf sitt aftur.

Telja verður ljóst að réttaráhrif dóms um aðalkröfu stefnanda geta ekki orðið þau að hún fái starf sitt að nýju, enda er ákvörðun um starfslok hennar þegar komin til framkvæmda og verður því ekki ógilt úr því sem komið er, sjá hér til hliðsjónar fyrrnefndan dóm Hæstaréttar frá 11. nóvember 1999 og einnig dóm Hæstaréttar frá 10. maí 2007 í máli nr. 647/2006. Verður því ekki séð að stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn um aðalkröfu sína að þessu leyti. Er aðalkröfu hennar því vísað frá dómi.

Stefnandi hefur gert þær kröfur til vara í málinu að stefnda verði gert að greiða henni 1.500.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 5. október 2019 og að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda gagnvart henni vegna tjóns sem leiðir af því að henni var gert að láta af störfum sem kennari við Breiðholtsskóla vorið 2019.

Stefndi hefur krafist frávísunar á varakröfum stefnanda um bætur þar sem þær séu vanreifaðar. Vísar stefndi í því sambandi til þess að hvorki sé að finna umfjöllun í stefnu um fjárhæð bótaskylda né um skilyrði miskabóta. Þá skorti enn fremur á að fjallað sé um skilyrði fyrir viðurkenningu á bótaskyldu í stefnu, auk þess sem þau gögn sem stefnandi lagði fram við þingfestingu hafi verið ófullnægjandi, sbr. 1. mgr. 95. gr. laga nr. 91/1991.

Ljóst er stefnandi gerir til vara tvær kröfur í málinu. Annars vegar krefst hún þess að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda varnaraðila vegna fjártjóns sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir við starfslok. Hins vegar krefst hún greiðslu að fjárhæð 1.500.000 krónur. Er tekið fram í stefnunni um fjárkröfuna að með henni sé verið að krefjast bóta fyrir miska. Um viðurkenningarkröfuna er hins vegar tekið fram í stefnu að hún sé komin til vegna fjártjóns stefnanda sem svari til tekjumissis hennar af því að missa starf sitt. Telja verður að með þessu hafi

stefnandi sýnt nægilega fram á að hún hafi lögvarða hagsmuni af því að fá dæmt um viðurkenningarkröfuna, enda hefur hún þar með víðtækari þýðingu fyrir hana en að vera einungis málsástæða fyrir kröfunni um miskabætur sem hún gerir einnig í málinu.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 er unnt að leita viðurkenningardóms um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands ef sá sem kröfu gerir telst hafa lögvarða hagsmuni af slíkri kröfu. Gildir þetta án tillits til þess hvort aðilanum væri þess í stað unnt að leita dóms sem fullnægja mætti með aðför. Skilyrði fyrir heimild til kröfu um viðurkenningu á skaðabótaskyldu telst þó vera að viðkomandi aðili leiði að minnsta kosti líkur að því að hann kunni að hafa orðið fyrir tjóni vegna þess atburðar sem krafan beinist að. Þá er ekki talið að krafan um lögvarða hagsmuni af kröfugerð af þessu tagi teljist uppfyllt ef aðilinn gerir í sama máli fjárkröfu um bætur vegna tjóns síns og viðurkenningarkrafan hefur enga aðra þýðingu fyrir hann en að vera forsenda þegar tekin er afstaða til fjárkröfunnar.

Aðilar höfðu ekki lýst gagnaöflun lokið fyrir dóminum þegar málið var tekið til úrskurðar um frávisunarkröfu stefnda. Stefnandi hefur í því skyni að sýna fram á ætlað fjártjón sitt lagt fram skattframtal sitt frá 2019 sem endurspeglar tekjur hennar á árinu 2019, ásamt upplýsingum um greiðslu lífeyris frá Brú lífeyrissjóði, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði verslumannanna og Tryggingastofnun frá árinu 2019.

Þótt stefnandi hafi ekki lagt fram í málinu ítarleg gögn um ætlað fjártjón sitt nýtur hann heimildar 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 til að sækja málið á þann hátt sem hann gerir með viðurkenningarkröfu sinni. Í dómaframkvæmd hefur Hæstiréttur lagt til grundvallar að beiting þessarar heimildar sé háð því skilyrði að sá sem höfðar mál leiði nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni af nánar tilgreindu tilefni og geri grein fyrir því í hverju tjónið felist, sjá hér til hliðsjónar dóma Hæstaréttar frá 31. júlí 2017 í málum nr. 451/2017 og 452/2017 sem áður er vitnað til.

Með þeim gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram og málatilbúnaði sínum að öðru leyti hefur sóknaraðili leitt að því nægar líkur að hún kunni að hafa orðið fyrir fjártjóni verði komist að þeirri niðurstöðu að starfslok hennar hafi verið ólöglegt. Hefur hún einnig gert nægjanlega grein fyrir því í hverju tjón hennar kunni að felast. Þá verður að horfa til þess að ekki verður litið svo á að reifun á þessari kröfu stefnanda eða sönnunarfærsla sé með þeim hætti að ekki verði undir áframhaldandi rekstri málsins bætt þar úr eftir því sem efni standa til.

Þá verður ekki séð að aðrar málsástæður stefnda skjóti stoðum undir að vísa þurfi þessari kröfu frá dómi og ekki verður heldur litið svo á að annmarkar séu á kröfugerðinni sem leiða ættu til frávisunar án kröfu.

Að því er varðar kröfu stefnanda um miskabætur að fjárhæð 1.500.000 kr. þá er því ekki lýst stefnu í hverju ætlaður miski stefnanda felist né er þar gerð grein fyrir því hvernig stefndi hafi valdið honum. Þá er ekki gerð grein fyrir því hvernig fjárhæð miskabótakröfu er fundin og

engin gögn liggja fyrir um ætlað miskatjón. Í stefnu kemur hins vegar fram að krafan eigi stoð í 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og almennum reglum. Í b-lið 1. mgr. 26. gr. kemur fram að sá sem ber ábyrgð á ólögmati meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns skuli greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Ljóst er að umrætt lagaákvæði lýtur að vernd þeirra hagsmuna sem stefnandi hefur vísað til í málatilbúnaði sínum um að uppsögn hennar vegna aldurs hafi verið ólögmat. Með vísan til þessa þykir ekki nægileg ástæða til að vísa frá miskabótakröfu stefnanda að svo stöddu.

Ákvörðun málskostnaðar bíður endanlegs dóms. Við uppkvaðningu þessa úrskurðar var gætt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Úrskurðarorð:

Kröfu stefnanda, um að ógilt verði ákvörðun stefnda Reykjavíkurborgar um starfslok hennar sem kennara við Breiðholtsskóla, er vísað frá dómi.

Frávísunarkröfum stefnda er að öðru leyti hafnað að svo stöddu. Ákvörðun málskostnaðar bíður endanlegs dóms í málinu.



Kjartan Bjarni Björgvinsson

